

## Fundargerð ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðra

**Dagsetning:** 12.maí. 2022

**Fundartími:** Kl. 15:00-16:00

**Staðsetning:** Keilir Strandgata 6

**Fundarritun:** Sóley Jónsdóttir

**Mættir:** Margrét Vala Marteinsdóttir, Egill Fjelsted, Kristjana Ósk Jónsdóttir Hulda Sólveig Jóhannsdóttir og Þórarinn Þórhallsson fjarfundarbúnað,

Starfið í ráðgjafaráðið er búið að vera áhugavert og skemmtilegt þessi ár.

- 1- Mætti bæta við í ráðið og einnig sjá hvort að þá náist meiri vídd í hópinn. Gott væri að fá fleiri notendur þjónustunnar í ráðið. Jafnvel að skoða þann möguleika að notendur væri ekki tengdir einhverjum félögum. Mikilvægt að tengja fólk með þroskahömlun í hópinn.
- 2- Halda áfram umræðunni og vinnunni í sambandi við aðgengismál.
- 3- Vinna með starfsleyfis umsagnir frá Gæða og eftirlitsstofnun hefur verið stór þóttur hjá okkur í vetur
- 4- Umsagnir hafa verið gerðar um nýjar og yfirfarnar reglur bæjarins í sambandi við stuðnings og stoðþjónustu
- 5- Gott væri að fjölga fundartímum úr 8 í 10 á ári hjá ráðgjafaráðinu
- 6- Gott væri að halda málþing – fjögur ár síðan að haldið var slíkt og fá þá aðildarfélög eins og t.d Öryrkjabandalagið með. Spurning með heilsueflandi málþing þar sem að Hafnarfjörður er heilsuþætt. Gott væri að hafa kynningabása á ýmsum málum eins og félagasamtökin og ráðgjafi frá bænum yrði í einum básnum.